

Skrekkur

Kæri bæjarstjóri, bæjarfulltrúar, fulltrúar úr Ungmennaráði og aðrir gestir.

Eins og sum ykkar vitið þá er árlega haldið listakeppni sem ber nafnið Skrekkur, hingað til hefur hún bara verið fyrir Reykjavík. Við vonumst til að komast með í þessa keppni eða þá til að hafa undanúrslit Hafnarfjarðar og tveir bestu skólarnir myndu þá keppa. Okkur finnst mikilvægt að ungmenni eins og við fáum tækifæri til þess að tjá okkur listrænt og ég veit að ef við fáum að keppa þá aukast listrænir og hugrænir hæfileikar ungmenna í Hafnarfirði. Því legg ég til að Eva Rut Reynisdóttir og ég, Breki förum á fund með starfsfólki skrifstofu tómstundamála og skoðum hvort og hvernig megi vinna að þessu.